

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-22/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á úlpú, sem hún keypti af versluninni Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 7. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 27. mars. Með bréfi, dags. 13. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 27. apríl. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 8. september, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 5. nóvember 2015 keypti álitsbeiðandi úlpú af seljanda fyrir kr. 22.392. Úlpuna fékk sonur álitsbeiðanda í jólagjöf. Nokkrum vikum eftir að sonur álitsbeiðanda byrjaði að nota úlpuna fór álitsbeiðandi að taka eftir því að hnökrar voru byrjaðir að koma í efni á ermum úlpunnar, rétt við franska rennilása fremst á ermum. Telur álitsbeiðandi að þetta sé vegna þess að rennilásinn festist í efni úlpunnar. Sjö vikum eftir jóla fór álitsbeiðandi með úlpuna í verslun seljanda og sagðist óánægð með endingu hennar. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi haldið því fram að hnökranir á úlpunni yrði raktir til hjólabrettanotkunar. Taldi álitsbeiðandi það ekki passa, þar sem sonur hennar stundaði ekki hjólabretti. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi riftunar, þ.e. endurgreiðslu á kaupverði úlpunnar. Meðfylgjandi álitsbeiðni eru ljósmyndir af úlpunni, ásamt staðfestingu á kaupum á úlpunni.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur útilokað að franskur rennilás fremst á ermum úlpunnar valdi því að hnökrar myndist þar. Segist seljandi einnig hafa haft samband við framleiðanda, sem ekki hafi fengið viðlíka kvartanir vegna sömu vöru. Segir seljandi að því sé útilokað að hægt sé að skemma úlpuna á þennan hátt, með venjulegri notkun. Skemmdirnar séu hins vegar nákvæmlega eins og skemmdir sem verði á úlpum þegar notandi þeirra stundar hjólabretti. Þegar haldið sé á hjólabretti, verði einmitt ermarnar á nákvæmlega þeim stað sem um sé rætt, fyrir sandpappírnum ofan á brettinu. Sé ástand úlpunnar því rakið til notkunar á henni, en ekki til galla. Máli sínu til stuðnings vísar seljandi í gögn sem benda til þess að notandi úlpunnar sé hjólabrettaiðkandi.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi úlpu af seljanda hinn 5. nóvember 2015 fyrir kr. 22.392. Álitsbeiðandi telur að úlpan sé haldin galla og krefst þess að kaupnum verði rift. Seljandi hefur bent á að ástandið á ermum úlpunnar verði rakið til notkunar á úlpunni. Álitsbeiðandi hefur ekki mótmælt þeim fullyrðingum, þótt hún hafi haft til þess tækifæri.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Þótt segja megi að úlpan sé, hlutlægt séð, haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna, sbr. og ákvæði 2. mgr. 15. gr., breytir það ekki því að ekki er sýnt fram á annað í málinu en að hnökrar þeir sem álitsbeiðandi kvartar undan og eru á ermum úlpunnar, stafi af aðstæðum sem varða álitsbeiðanda, í skilningi 1. mgr. 26. gr. laganna. Er þegar af þeim sökum ekki hægt að fallast á að um galla sé að ræða og verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærufndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson